

# REGLUR

## um gjaldeyrismál.

### I. KAFLI

#### Skilgreiningar.

##### 1. gr.

#### *Fjármagnshreyfingar á milli landa.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum á milli landa og flutning á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1992. Af 1. málsl. leiðir að flutningur á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila óháð því hvort slík yfirfærsla eða flutningur á sér stað með úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi og/eða með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, felur ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa. Þá felur yfirfærsla og flutningur á fjármunum til og frá landinu, þar sem fjármunir eru færðir af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa og gildir þá einu hvort verið sé að færa fjármuni á milli reikninga í eigu sama aðila eða ekki.

### II. KAFLI

#### Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri.

##### 2. gr.

#### *Greiðslur vegna vöru- og þjónustuviðskipta skv. 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Með greiðslum vegna vöru- og þjónustuviðskipta í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. b og 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 er átt við allar greiðslur sem teljast eðlilegur hluti af slíkum viðskiptum, t.d. endurgreiðslur vegna ofgreiðslu, afsláttar, afpantana o.þ.h. Hér undir falla einnig greiðslur vegna kaupa á farartækjum til einkanota og farartækjum, vinnuvélum og hrávöru sem eru eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila.

##### 3. gr.

#### *Launagreiðslur skv. 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Með launum í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 er meðal annars átt við endurgjald fyrir störf og launatengd gjöld, námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyri og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur. Með launatengdum gjöldum er meðal annars átt við tryggingagjöld, lögbundin iðgjöld í lífeyrissjóði, orlofs- greiðslur og félagsgjöld til stéttarféлага.

##### 4. gr.

#### *Gjafir og styrkir skv. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Gefandi og styrkveitandi samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992, skulu vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem verið er að gefa/veita í styrk. Vakni grunur um að gefandi eða styrkveitandi sé ekki raunverulegur eigandi fjármuna skal það fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna hafna beiðni þar um. Gefandi og gjafþegi, styrkveitandi og styrkþegi skulu ekki vera einn og sami aðilinn.

##### 5. gr.

#### *Vextir, verðbætur, samningsbundnar afborganir og arður skv. 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 13. gr. j laga nr. 87/1992.*

Innlendum aðila er einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti og framkvæma fjármagnshreyfingu á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c og 13. gr. j laga nr. 87/1992, til að standa skil á greiðslum samkvæmt ákvæðinu til erlendra aðila. Þá er erlendum aðila eingöngu

heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti og framkvæma fjármagnshreyfingu á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b sömu laga, sbr. 2. mgr. 13. gr. c og 13. gr. j laganna vegna greiðslna samkvæmt ákvæðinu frá innlendum aðila hér á landi.

Gengishagnaður fellur ekki undir 13. gr. j laga nr. 87/1992.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands skv. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laganna, skal send af hálfu þess fjármálfyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Um efni beiðni um staðfestingu eða tilkynningu fer eftir IV. kafla.

#### 6. gr.

##### *Fyrirframgreiðslur eða uppgreiðslur skuldbindinga og fjárfestingar skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Aðili sem nýttir heimild skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, eða framselur hana skv. 15. mgr. 13. gr. n sömu laga, skal vera raunverulegur eigandi fjármunanna. Vakni grunur um að fyrirframgreiðsla, uppgreiðsla eða fjárfesting sé fjármögnuð af þriðja aðila skal það fjármálfyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, eða framsalshafi skv. 15. mgr. 13. gr. n laganna, hafna beiðni þar um.

Fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna arðgreiðslna og afborgana vaxta og höfuðstóls, og nýttir eru í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan sex mánaða, skv. 1. mgr. 13. gr. e laga nr. 87/1992, dragast ekki frá fjárhæðarmarki skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laganna.

Framsalslshafi skv. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 sem nýttir heimildir annarra skv. 6. tölul. 13. gr. b sömu laga skal framvísa yfirlýsingu um að hann hafi fengið framseldar heimildir á grundvelli 15. mgr. 13. gr. n laganna fyrir a.m.k. jafnvirði gjaldseyrisviðskiptanna og/eða fjármagnshreyfingarinnar við fjármálfyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingu.

Um efni og framkvæmd tilkynninga vegna fyrirfram- eða uppgreiðslu skuldbindinga fer eftir 23. gr.

Um efni og framkvæmd tilkynninga vegna fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri fer eftir 24. gr.

#### 7. gr.

##### *Framsals fjárfestingarheimilda skv. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992.*

Framsals heimilda skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 til váttryggingafélaga og fjármálfyrirtækja á grundvelli samninga um greiðslu iðgjalda til söfnunar lífeyrissparnaðar í séreign eða viðbótartryggingaverndar, og samkvæmt samningum um söfnunartryggingar, eingreiðslutryggingar og reglubundinn sparnað, er aðeins heimilt á grundvelli greiðslu iðgjalda en ekki á grundvelli uppsafnaðra réttinda eða höfuðstóls.

Framsals skv. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 er óafturkræft að því marki sem framsalslshafi nýttir framseldar heimildir til fjárfestinga í erlendum gjaldeyri skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b sömu laga.

Sjóðir, sem starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, og váttryggingafélög og fjármálfyrirtæki sem bjóða upp á sameiginlega fjárfestingu í erlendum gjaldeyri, skulu útbúa staðlað form vegna framsals heimilda skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 3. másl. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992, þar sem fram kemur dagsetning framsals og fjárhæð framseldrar heimildar.

Afturköllun á nýttiri heimild skal vera skrifleg og tilkynnt Seðlabanka Íslands, sbr. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992.

Um efni og framkvæmd tilkynninga vegna framsals fjárfestingarheimilda og afturkallana fer eftir 36. gr.

## 8. gr.

*Bein fjárfesting skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Þrátt fyrir skilyrði 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 teljast kaup innlands aðila á minni eignarhlut en 10% hlutafjár atvinnufyrirtækis einnig bein fjárfesting ef eignarhlutur fjárfestis eftir kaupin verður meiri en 10%. Jafnframt telst langtímalánveiting til atvinnufyrirtækis þar sem lánveitandi er eigandi 10% hlutafjár eða meira, bein fjárfesting.

Um efni og framkvæmd staðfestingar vegna beinnar fjárfestingar fer eftir 25. gr. þessara reglna.

Aðili sem nýtir heimild skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 skal vera raunverulegur eigandi fjármunanna. Vakni grunur um að aðili sé ekki raunverulegur eigandi fjármuna skal það fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna hafna beiðni þar um.

## 9. gr.

*Framfærsla skv. 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Með framfærslu í skilningi 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 er átt við nauðsynleg og eðlileg útgjöld einstaklings og fjölskyldu hans, til dæmis kostnað vegna húsnæðis, fæðis, fatnaðar, læknisáðstoðar o.s.frv., sem sýnt er fram á að falla muni til erlendis.

Við kaup einstaklings á erlendum gjaldeyri vegna framfærslu á yfirstandandi almanaksári og fjármagnshreyfingar þeim tengdar er fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfingarnar heimilt að líta til útgjalda einstaklings sem fallið hafa til á síðasta almanaksári.

Heimilt er að kaupa erlendan gjaldeyri og flytja hann á milli landa vegna framfærslu skv. 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 allt að einum mánuði áður en útgjöld falla til.

Útgjöld sem fallið hafa til fyrir meira en sex mánuðum teljast ekki til framfærslu í skilningi 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

## 10. gr.

*Greiðsla skatta, opinberra gjalda og aðrar greiðslur skv. 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Innlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna greiðslu skatta og opinberra gjalda erlendis.

Erlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna ofgreiðslu skatta og opinberra gjalda sem hann hefur fengið endurgreidda hér á landi.

Erlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna málskostnaðar sem honum hefur verið greiddur samkvæmt dómsorði innlands dómstóls eða réttarsátt.

Innlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna málskostnaðar sem honum ber að greiða samkvæmt dómsorði erlendis dómstóls eða réttarsátt.

Erlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna slysa- og skaðabóta sem hann hefur fengið greiddar frá innlendu váttryggingafélagi eða samkvæmt dómsorði innlands dómstóls eða réttarsátt.

Innlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna slysa- og skaðabóta sem honum ber að greiða samkvæmt dómsorði erlendis dómstóls eða réttarsátt.

Erlendum aðila er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og flytja á reikning hjá fjármálafyrirtæki erlendis á grundvelli 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 vegna arfs sem honum hefur hlotnast hér á landi. Framangreind heimild nær einnig til söluandvirðis fjármálagerninga útgefinna í innlendum gjaldeyri, sem erlendum aðila hlotnast skv. erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni, sbr. 18. gr. reglna þessara.

## 11. gr.

*Fasteignakaup skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, laga nr. 87/1992.*

Með fasteignaviðskiptum í skilningi 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 er átt við fjárfestingu einstaklings í fasteign eða kaup á búseturétti erlendis. Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands vegna fasteignaviðskipta, skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess innlenda fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Ef fasteignaviðskipti eiga sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal kaupandi fasteignar óska sjálfur eftir staðfestingu Seðlabanka Íslands. Efni beiðni um staðfestingu skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 skal fylgja afrit af undirrituðum kaupsamningi eða samningi um kaup á búseturétti. Um efni beiðni um staðfestingu fer eftir 26. gr. reglna þessara.

## 12. gr.

*Endurfjárfesting peningakrafna og annarra kröfuréttinda í erlendum gjaldeyri.*

Aðila sem fjárfestir í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum á grundvelli 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, er heimilt að endurfjárfesta, í heild eða að hluta, með fjármunum sem losna við sölu eða uppgreiðslu eða falla til vegna afborgana vaxta og höfuðstóls af slíkum kröfum eða kröfuréttindum innan 6 mánaða. Meðan frestur til að endurfjárfesta er að líða skulu fjármunir skv. 1. másl. undanþegnir 13. gr. l laganna.

## 13. gr.

*Tryggingar og viðbótartryggingavernd.*

Greiðslur iðgjalda á grundvelli samninga um váttryggingar, sem fela ekki í sér sparnað eða söfnun á höfuðstól, teljast til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992. Til váttrygginga skv. 1. másl. teljast tryggingar þar sem réttthafi á aðeins von á tryggingabótum verði hann fyrir tjóni sem tryggingu er ætlað að tryggja fyrir.

Greiðslur iðgjalda á grundvelli samninga um reglubundinn sparnað og söfnunarlíftryggingar teljast ekki til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992. Til söfnunarlíftrygginga skv. 1. másl. teljast líftryggingaafurðir þar sem tilgangur framlaga, í formi reglulegra iðgjalda eða í formi eingreiðslu, er söfnun á höfuðstól í heild eða að hluta og slík söfnun er laus til ráðstöfunar sem eingreiðsla eða regluleg greiðsla án þess að atburður eigi sér stað sem tryggingu er ætlað að tryggja fyrir.

Greiðslur iðgjalda á grundvelli öflunar lífeyrissparnaðar eða lífeyrisréttinda í séreign á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd, sbr. II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, teljast ekki til kaupa á þjónustu skv. 2. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992. Með viðbótartryggingavernd í skilningi ákvæðisins er átt við tryggingavernd, sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með framlögum samkvæmt sérstökum samningi um lífeyrissparnað í séreign við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.-3. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## 14. gr.

*Fjárfesting í fjármálagerningum útgefnunum í erlendum gjaldeyri af innlendum aðila.*

Þrátt fyrir 1. másl. 1. mgr. 13. gr. e laga nr. 87/1992, er innlendum aðila heimilt að fjárfesta í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnunum af innlendum aðila í erlendum gjaldeyri, innan fjárhæðarmarka 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laganna. Jafnframt er innlendum aðilum heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjárfestinga skv. 1. másl.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands um fjárfestingu skv. 1. mgr. innan fimm virkra daga. Um efni tilkynningar fer eftir 24. gr. reglna þessara.

## 15. gr.

*Vextir af peningamarkaðslánum.*

Þrátt fyrir 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 eru fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslu vaxta af peningamarkaðslánum í innlendum gjaldeyri, þar sem innlent fjármálafyrirtæki er lántaki og erlendur aðili lánveitandi, undanþegin sömu lögum, sbr. 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 2. mgr. 13. gr. c laganna.

Peningamarkaðslán skv. 1. mgr. merkir samning um skammtímalánveitingu erlends aðila í innlendum gjaldeyri til innlends fjármálafyrirtækis, sem felur í sér að umsamin fjárhæð er lögð inn á reikning í eigu innlends fjármálafyrirtækis hér á landi á upphafsgjalddaga og sama fjárhæð endurgreidd hinum erlenda aðila á lokagjalddaga, að viðbættum vöxtum, sem hvoru tveggja er samið um í upphafi.

## 16. gr.

*Undanþága frá ákvæði til bráðabirgða IV laga nr. 87/1992 vegna innflutnings verðbréfa.*

Innflutningur verðbréfa, útgefna í erlendum gjaldeyri, sem fjárfest er í á grundvelli 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, er undanþeginn banni 2. másl. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV sömu laga.

## 17. gr.

*Úttekt á erlendum gjaldeyri vegna ferðalaga skv. ákvæði til bráðabirgða V laga nr. 87/1992.*

Einstaklingur sem er innlendir aðili telst hafa viðskipti sín hjá fjármálafyrirtæki hér á landi í skilningi ákvæðis til bráðabirgða V laga nr. 87/1992 ef viðskipti hans og viðkomandi fjármálafyrirtækis uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Einstaklingur á launareikning hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki sem greitt hefur verið inn á síðustu 90 daga.
- Einstaklingur á útgefið greiðslukort (debet eða kredit) hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki og færslur eru fleiri en 20 á mánuði.
- Úttektir í reiðufé af sparnaðarreikningi hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki eru að lágmarki að meðaltali fimm í hverjum mánuði sl. sex mánuði.

## III. KAFLI

**Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri.**

## 18. gr.

*Fjármagnshreyfingar milli landa skv. 4. tölul. 3. mgr. 13. gr. b.*

Erlendum aðila er heimilt að móttaka greiðslur í innlendum gjaldeyri inn á reikning í sinni eigu hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, vegna arfs sem erlendum aðila hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni ef greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Erlendum aðila er jafnframt heimilt að móttaka verðbréf og aðra fjármálagerninga, útgefna í innlendum gjaldeyri og í vörslu fjármálafyrirtækis hér á landi, vegna arfs sem viðkomandi hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni, sbr. 1. másl., að því tilskildu að varsla þeirra verði áfram hér á landi.

## 19. gr.

*Fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri með úttekt af reikningi hjá innlendu fjármálafyrirtæki.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa skv. 6. tölul. 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, eru heimilar vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri sem tilgreindir eru á lista Seðlabanka Íslands, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Listi samkvæmt 1. másl. er birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Söluandvirði eða aðrar greiðslur vegna fjármálagerninga skv. 1. mgr. skulu greiddar aftur inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Reikningar erlendra fjármálafyrirtækja í innlendum gjaldeyri (Vostro-reikningar) teljast ekki til reikninga hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sbr. 5. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

## 20. gr.

*Fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningur).*

Fjármagnshreyfingar á milli landa skv. 6. tölul. 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri sem tilgreindir eru á lista Seðlabanka Íslands, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningi), skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laganna. Listi samkvæmt 1. máls. er birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Söluandvirði eða aðrar greiðslur vegna fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr. skulu greiddar aftur inn á reikning í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikning).

## 21. gr.

*Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd til öflunar lífeyrissparnaðar í séreign, söfnunartryggingar, eingreiðslulíftryggingar og reglubundins sparnaðar.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu iðgjalds sem ráðstafað er til öflunar lífeyrissparnaðar eða lífeyrisréttinda í séreign á grundvelli samnings í innlendum gjaldeyri um viðbótartryggingavernd, sbr. II. kafla laga nr. 129/1997, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu launagreiðanda, af reikningi í eigu launþega eða af reikningi í eigu lögaðila sem er innlendir aðili og sér um innheimtu þess iðgjalds, hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, yfir á reikning hjá fjármálafyrirtæki hér á landi í eigu vörsluaðila lífeyrisréttinda sem er erlendir aðili sem heimilt er að stunda starfsemi hér á landi samkvæmt II. kafla laga nr. 129/1997, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu iðgjalds sem varið er í sparnað eða til söfnunar í heild eða að hluta á grundvelli samnings í innlendum gjaldeyri, t.a.m. samninga um söfnunartryggingar, eingreiðslulíftryggingar eða reglubundinn sparnað, við váttryggingafélag sem er erlendir aðili, þar sem greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu réttthafa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi yfir á reikning í eigu váttryggingafélagsins hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, skulu undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Vörsluaðila lífeyrisréttinda, sbr. 1 mgr., og váttryggingafélagi, sbr. 2. mgr., er heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri af innlendum aðilum og fasteignir hér á landi fyrir þann innlenda gjaldeyri sem hann móttekur hér á landi vegna greiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr.

Fjármunir sem losna við útborgun á grundvelli samnings skv. 1. mgr. við upphaf lífeyristöku réttthafa samningsins, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og fjármunir sem losna við útborgun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII laga nr. 129/1997, og á grundvelli samninga skv. 2. mgr., skulu undanþegnir banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 og skulu þeir greiddir í innlendum gjaldeyri á reikning í eigu réttthafa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

## IV. KAFLI

**Beiðnir um staðfestingu og tilkynningar samkvæmt lögum nr. 87/1992.**

## 22. gr.

*Sala erlendra aðila á fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri, aðra en fjármálagerninga skv. 19. gr., 20. gr. og 3. mgr. 21. gr., þar sem seljandi er erlendir aðili og kaupandi er innlendir aðili, eru undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, að undangenginni staðfestingu Seðlabankans.

Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskipti eða uppgjör viðskipta skv. 1. mgr. skal óska staðfestingar Seðlabanka Íslands um viðskiptin á netfangið [ge.gagnaskil@sedlabanki.is](mailto:ge.gagnaskil@sedlabanki.is).

Beiðni um staðfestingu skv. 2. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á:

- a. Dagsetningu fyrirhugaðrar sölu.
- b. Nafn/heiti og kennitölu seljanda.
- c. Land/heimilisfesti seljanda.
- d. Auðkenni/heiti útgáfu.
- e. ISIN-númer útgáfu.
- f. Nafnverðsfjárhæð.
- g. Áætlað söluandvirði.
- h. Heiti og kennitölu vörsluaðila bréfa.
- i. Nafn/heiti, kennitölu og heimilisfang kaupanda.
- j. Upplýsingar um hvenær og hvernig greiðsla upphaflegs kaupverðs fjármálagernings fór fram.
- k. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskiptin.

Hafi Seðlabankinn veitt staðfestingu fyrir viðskiptum skv. 1. mgr. skal uppgjörskvittun fyrir verðbréfasölu, staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki, send Seðlabankanum á sama netfang innan tveggja vikna frá staðfestingu, að öðrum kosti fellur staðfestingin úr gildi.

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., sem falla undir 1. tölul. 2. gr. laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, skal leggja inn á reikning í eigu seljanda sem háður er sérstökum takmörkunum samkvæmt sömu lögum.

Söluandvirði og aðrar greiðslur vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr., annarra en þeirra sem falla undir 5. mgr., skal leggja inn á reikning í eigu seljanda í innlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

### 23. gr.

#### *Tilkynning vegna fyrirfram- og uppgreiðslu lána í erlendum gjaldeyri.*

Tilkynning til Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingu á milli landa vegna fyrirframgreiðslu og uppgreiðslu lána í erlendum gjaldeyri skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b og 5. másl. 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992 skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, áður en þau eru framkvæmd.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á:

- a. Dagsetningu fyrirhugaðrar greiðslu.
- b. Nafn og kennitölu greiðanda.
- c. Heimilisfang greiðanda.
- d. Nafn lánveitanda.
- e. Heimilisfesti lánveitanda.
- f. Útistandandi fjárhæð láns fyrir greiðslu.
- g. Fjárhæð fyrirhugaðrar greiðslu.
- h. Fjárhæð gjaldeyrisviðskipta í íslenskum krónum.
- i. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki.
- j. Gögn sem sýna fram á skuldbindingu, t.d. lánasamningur.

Tilkynning og gögn samkvæmt 1. mgr. skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans. Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingu getur, að höfðu samráði við Seðlabankann, uppfyllt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. með sjálfvirkum hætti.

## 24. gr.

*Tilkynning vegna fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri.*

Tilkynning til Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingu vegna fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri, skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 og 2. mgr. 14. gr. reglna þessara, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um fjármagnshreyfinguna, innan fimm virkra daga.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á:

- a. Dagsetningu fjárfestingar.
- b. Nafn og kennitölu fjárfestis.
- c. Heimilisfang fjárfestis.
- d. Tegund fjárfestingar (hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjal eða annað).
- e. Lýsingu á fjárfestingu (útgefandi verðbréfa, nafn sjóðs, o.s.frv.).
- f. Auðkenni fjárfestingar.
- g. Kaupverð í erlendum gjaldeyri.
- h. Mynt.
- i. Fjárhæð gjaldeyrisviðskipta í innlendum gjaldeyri.
- j. Nafn og kennitölu vörsluaðila.
- k. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um viðskiptin.

Tilkynning og gögn samkvæmt 1. mgr. skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr. reglnanna, sem birtar eru á vefsíðu bankans. Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingu getur, að höfðu samráði við Seðlabankann, uppfyllt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. með sjálfvirkum hætti.

## 25. gr.

*Beiðni um staðfestingu vegna beinnar fjárfestingar erlendis  
skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á beinni fjárfestingu innlands aðila erlendis, skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á:

- a. Dagsetningu fyrirhugaðrar fjárfestingar.
- b. Nafn og kennitölu fjárfestis.
- c. Heimilisfang fjárfestis.
- d. Tegund fjárfestingar (hlutafé, skuldabréf, lánveiting eða annað).
- e. Lýsingu á fjárfestingu.
- f. Land fjárfestingar.
- g. Fjárhæð fjárfestingar í erlendum gjaldeyri.
- h. Mynt.
- i. Fjárhæð fjárfestingar í íslenskum krónum.
- j. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs við fjárfesti.
- k. Gögn sem sýna fram á að um beina fjárfestingu sé að ræða s.s. kaupsamninga, hlutafjäreign, lánasamninga og annað sambærilegt.

Fjárfestir skal afhenda Seðlabankanum öll þau frekari gögn og upplýsingar sem Seðlabankinn kann að óska eftir til að geta staðfest að um beina fjárfestingu sé að ræða.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 1. mgr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið [ge.gagnaskil@sedlabanki.is](mailto:ge.gagnaskil@sedlabanki.is).



## 26. gr.

*Beiðni um staðfestingu vegna fasteignaviðskipta  
skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.*

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands vegna fasteignaviðskipta, skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess innlenda fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna. Ef fasteignaviðskipti eiga sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal kaupandi fasteignar óska sjálfur eftir staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á:

- a. Dagsetningu beiðni um staðfestingu.
- b. Nafn kaupanda.
- c. Kennitölu kaupanda.
- d. Heimilisfang kaupanda.
- e. Nafn seljanda.
- f. Kennitölu eða annað skráningarnúmer seljanda ef það liggur fyrir.
- g. Heimilisfang seljanda.
- h. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna samkvæmt 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.
- i. Afrit af kaupsamningi fasteignar eða samningi um kaup á búseturétti.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, er send rafrænt til kaupanda eða tengiliðs hans hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Beiðni um staðfestingu og gögn skulu berast rafrænt til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands á netfangið [ge.gagnaskil@sedlabanki.is](mailto:ge.gagnaskil@sedlabanki.is) samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

## 27. gr.

*Vextir og verðbætur af vöxtum af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri,  
lánsamningum í innlendum gjaldeyri, peningamarkaðslánum skv. 15. gr.  
og innstæðum í innlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum.*

Af 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 leiðir að ekki er heimilt að skipta eftirfarandi vaxta-greiðslum yfir í erlendum gjaldeyri:

1. Vöxtum af skuldabréfum sem gefin eru út af erlendum aðilum í innlendum gjaldeyri („jöklabréfum“).
2. Vöxtum af hvers kyns fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum aðilum.
3. Vöxtum af reikningum í innlendum gjaldeyri hjá erlendum fjármálafyrirtækjum.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna greiðslu vaxta og verðbóta af vöxtum af innstæðum í innlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, af lánsamningum í innlendum gjaldeyri, af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri, til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, og af peningamarkaðslánum skv. 15. gr. reglna þessara, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. þar sem fjárhæð greiðslu vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 10.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. máls. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands, sbr. 5. mgr.

Óska skal staðfestingar Seðlabankans skv. 2. mgr. eða tilkynna Seðlabankanum skv. 4. mgr. um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar milli landa, innan sex mánaða frá vaxtagreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Staðfesting á heimild til úttektar á vöxtum og verðbótum vaxta af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna, hafi vextir fallið til innan sex mánaða frá vaxtagreiðsludegi.

## 28. gr.

*Vextir af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri, lánsamningum í erlendum gjaldeyri og innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum.*

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992 er aðeins heimilt að skipta vöxtum í erlendan gjaldeyri af innstæðum í innlendum fjármálafyrirtækjum, áföllnum vöxtum af skuldabréfum sem útgefn eru af innlendum aðilum og vöxtum af lánsamningum þar sem erlendir aðili er lánveitandi og innlendir aðili lántaki.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu vaxta af innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, af lánsamningum í erlendum gjaldeyri og af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri, til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 2. mgr. þar sem fjárhæð greiðslu afborgunar og/eða vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 10.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

Beiðni um staðfestingu eða tilkynning til Seðlabanka Íslands samkvæmt 2. og 3. mgr. skal berast innan sex mánaða frá vaxtagreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

## 29. gr.

*Samningsbundnar afborganir.*

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af skuldabréfum útgefnum í innlendum og erlendum gjaldeyri, lánnum í erlendum gjaldeyri og fjárfestingarloforða í framtaksfjárfestingarsjóðum, skv. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samningsbundinna afborgana skv. 1. málsl. í erlendum gjaldeyri skulu þó aðeins tilkynntar Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu samningsbundinna afborgana í innlendum gjaldeyri eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 1. mgr. þar sem fjárhæð samningsbundinnar afborgunar og/eða vaxta er samtals lægri en að jafnvirði 10.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands, sbr. 5. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar samkvæmt 13. gr. j vegna greiðslu samningsbundinna afborgana af skuldabréfum útgefnum í erlendum gjaldeyri af innlendum aðilum og lánsamningum í erlendum gjaldeyri eru heimilar allt að mánuði fyrir gjalddaga, að fenginni staðfestingu Seðlabankans eða tilkynningu skv. 1. og 3. mgr.

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. skal berast Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfing áttu sér stað.

Heimilt er að óska fyrirframstaðfestingar Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum á milli landa vegna greiðslu eftirstöðva samningsbundinna afborgana og vaxta. Greiðslur á grundvelli fyrirframstaðfestingar skv. 1. málsl. skulu þó tilkynntar til Seðlabanka Íslands skv. 5. mgr.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

## 30. gr.

*Efnisatriði í beiðni um staðfestingu eða tilkynningu samkvæmt 27. og 29. gr.*

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu samkvæmt 27. gr. og 29. gr., eftir því sem við á:

1. Vextir, verðbætur og samningsbundnar afborganir af skuldabréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
  - b. Nafn/heiti og kennitala útgefanda.
  - c. Auðkenni/heiti útgáfu.
  - d. ISIN-númer útgáfu.
  - e. Útgáfudagur.
  - f. Lokagjalddagi.
  - g. Útboðsgengi.
  - h. Nafnverðsfjárhæð.
  - i. Dagsetning skuldabréfakaupa.
  - j. Fjárhæð.
  - k. Dagsetning skuldabréfasölu.
  - l. Söluandvirði.
  - m. Vaxtatímabil.
  - n. Uppgjörsdagur.
  - o. Vaxtaþrósentu.
  - p. Fjárhæð vaxta.
  - q. Afborgun höfuðstóls.
  - r. Verðbætur.
  - s. Fjárhæð þóknunar.
  - t. Fjármagnstekjuskattur.
  - u. Nafn/heiti, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
  - v. Land/heimilisfesti fjárfestis.
  - w. Reikningsupplýsingar fjárfestis.
  - x. Heiti og kennitala vörsluaðila bréfa.
  - y. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - z. Uppgjörskvittun fyrir skuldabréfakaupum staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.
  - aa. Uppgjörskvittun fyrir vaxtagreiðslu og/eða afborgun höfuðstóls staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.
  - bb. Ef ekki liggur fyrir uppgjörskvittun vegna vaxtagreiðslu og/eða afborgunar höfuðstóls þar sem umrædd skuldabréf hafa verið seld fyrir vaxtagreiðsludag skal leggja fram uppgjörskvittun fyrir sölu staðfesta af viðkomandi fjármálafyrirtæki.
2. Vextir, verðbætur og samningsbundnar afborganir af lánsamningum í innlendum gjaldeyri:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
  - b. Nafn og kennitala lántaka.
  - c. Lántökudagur.
  - d. Upphafleg fjárhæð láns.
  - e. Eftirstöðvar láns fyrir greiðslu.
  - f. Vaxtatímabil.
  - g. Gjalddagi vaxtagreiðslu.
  - h. Vaxtaþrósentu.
  - i. Fjárhæð vaxtagreiðslu.
  - j. Verðbætur.
  - k. Afborgun höfuðstóls.
  - l. Fjármagnstekjuskattur.
  - m. Nafn og kennitala lánveitanda.
  - n. Heimilisfang lánveitanda.

- o. Land/heimilisfesti lánveitanda.
- p. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
- q. Láncsamningur.
- r. Greiðsluseðill.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 27. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

## 31. gr.

*Efnisatriði í beiðni um staðfestingu skv. 27. gr.*

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu samkvæmt 27. gr., eftir því sem við á:

1. Peningamarkaðslán:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
  - b. Nafn og kennitala lántaka.
  - c. Lántökudagur.
  - d. Lengd peningamarkaðsláns.
  - e. Upphafleg fjárhæð peningamarkaðsláns.
  - f. Vaxtaþrósenta.
  - g. Auðkenni samnings.
  - h. Fjárhæð greiðslu.
  - i. Vaxtafjárhæð.
  - j. Nafn og kennitala lánveitanda.
  - k. Heimilisfang lánveitanda.
  - l. Land/heimilisfesti lánveitanda.
  - m. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - n. Uppgjörskvittun fyrir uppgjóri samnings.
  - o. Samningur.
2. Vextir og verðbætur af vöxtum af innstæðum í innlendum gjaldeyri:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu.
  - b. Nafn og kennitala fjármálafyrirtækis.
  - c. IBAN-númer reiknings vaxtagreiðslu.
  - d. Vaxtagreiðsludagsetning.
  - e. Vaxtatímabil.
  - f. Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.
  - g. Meðalvaxtaþrósenta tímabils.
  - h. Vaxtafjárhæð.
  - i. Fjöldi daga.
  - j. Nafn, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
  - k. Land/heimilisfesti fjárfestis.
  - l. IBAN-reikningsnúmer fjárfestis.
  - m. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - n. Staðfesting á útborgun vaxtagreiðslu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 27. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr. reglnanna, sem birtar eru á vefsíðu bankans.

## 32. gr.

*Efnisatriði í beiðni um staðfestingu eða tilkynningu skv. 28. og 29. gr.*

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu eða tilkynningu samkvæmt 28. og 29. gr. reglna þessara, eftir því sem við á:

1. Samningsbundnar afborganir og/eða vextir af skuldabréfum:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
  - b. Nafn og kennitala útgefanda.
  - c. Auðkenni/heiti útgáfu.
  - d. ISIN-númer útgáfu.
  - e. Útgáfudagur.
  - f. Lokagjalddagi.
  - g. Útgáfumynt.
  - h. Nafnverðsfjárhæð.
  - i. Eftirstöðvar nafnverðs fyrir greiðslu.
  - j. Vaxtatímabil.
  - k. Vaxtaþrósentu.
  - l. Vaxtafjárhæð.
  - m. Afborgun höfuðstóls.
  - n. Uppgjörsgdagsetning afborgunar og/eða vaxtagreiðslu.
  - o. Nafn og kennitala eiganda.
  - p. Heimilisfang eiganda.
  - q. Land/heimilisfesti eiganda.
  - r. IBAN-gjaldeyrisreikningsnúmer fjárfestis.
  - s. Heiti og kennitala vörsluaðila bréfa.
  - t. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - u. Verðbréfalýsing.
  - v. Samningar sem liggja að baki útgáfunni.
2. Samningsbundnar afborganir og vextir af lánsamningum:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
  - b. Nafn og kennitala lántaka.
  - c. Land/heimilisfesti lántaka.
  - d. Lántökudagur.
  - e. Lokagjalddagi.
  - f. Lántökumynt.
  - g. Upphafleg fjárhæð láns.
  - h. Eftirstöðvar láns fyrir greiðslu.
  - i. Vaxtatímabil.
  - j. Gjaldldagi.
  - k. Vaxtaþrósentu.
  - l. Fjárhæð vaxtagreiðslu.
  - m. Afborgun höfuðstóls.
  - n. Fjármagnstekjuskattur.
  - o. Nafn og kennitala lánveitanda.
  - p. Heimilisfang lánveitanda.
  - q. Land/heimilisfesti lánveitanda.
  - r. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - s. Lánsamningur.
  - t. Greiðsluseðill.
3. Samningsbundnar afborganir af fjárfestingarloforðum í framtaksfjárfestingarsjóðum:
  - a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
  - b. Nafn og kennitala fjárfestis.
  - c. Land/heimilisfesti fjárfestis.
  - d. Dagsetning skuldbindingar.
  - e. Lokagjalddagi.
  - f. Mynt samnings.
  - g. Upphafleg fjárhæð skuldbindingar.

- h. Eftirstöðvar skuldbindingar fyrir greiðslu.
  - i. Gjaldldagi.
  - j. Fjárhæð innköllunar.
  - k. Afborgun af skuldbindingu.
  - l. Nafn framtaksfjárfestingarsjóðs.
  - m. Land/heimilisfesti framtaksfjárfestingarsjóðs.
  - n. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - o. Samningur.
  - p. Tilkynning um innköllun.
4. Vextir af innstæðum í erlendum gjaldeyri:
- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
  - b. Nafn og kennitala fjármálafyrirtækis.
  - c. IBAN-númer vaxtaberandi reiknings.
  - d. Mynt.
  - e. Vaxtagreiðsludagsetning.
  - f. Vaxtatímabil.
  - g. Höfuðstóll fyrir vaxtagreiðslu.
  - h. Meðalvaxtaþrósenta tímabils.
  - i. Vaxtafjárhæð.
  - j. Fjöldi daga.
  - k. Nafn, kennitala og heimilisfang fjárfestis.
  - l. Land/heimilisfesti fjárfestis.
  - m. IBAN-reikningsnúmer fjárfestis.
  - n. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
  - o. Staðfesting á útborgun vaxtagreiðslu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 2. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. eða tilkynning samkvæmt 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. reglna þessara og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr. reglnanna, sem birtar eru á vefsíðu bankans.

### 33. gr.

*Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslna aðila sem undanþegnar eru staðfestingu Seðlabanka Íslands.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt 28. og 29. gr. sem inntar eru af hendi af aðila sem uppfyllir skilyrði 2., 6. eða 7. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri sem falla undir þessa málsgrein skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti vegna greiðslna samkvæmt 28. og 29. gr. sem inntar eru af hendi af aðila sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992 eru ekki háð staðfestingu Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri og gjaldeyrisviðskipti sem falla undir þessa málsgrein skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands.

### 34. gr.

*Arður.*

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingu á milli landa vegna greiðslu arðs frá innlendum aðilum til erlendra aðila, samkvæmt 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna greiðslu arðs eru ekki háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu samkvæmt 1. mgr. þar sem fjárhæð arðgreiðslu er lægri en að jafnvirði 1.000.000 kr. eru ekki háðar staðfestingu Seðla-

banka Íslands. Greiðslur sem uppfylla skilyrði 1. málsl. skal þó tilkynna til Seðlabanka Íslands samkvæmt 3. mgr.

Beiðni um staðfestingu eða tilkynning til Seðlabanka Íslands samkvæmt 1. og 2. mgr. skal berast innan sex mánaða frá arðgreiðsludegi.

Staðfesting Seðlabanka Íslands, sbr. 9. mgr. 13. gr. j laga nr. 87/1992, er send rafrænt til tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.

Staðfesting á heimild til úttektar á arði af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum samkvæmt 11. gr. laga nr. 37/2016 felur jafnframt í sér staðfestingu á heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa vegna slíkra greiðslna, hafi arður fallið til innan sex mánaða frá því beiðni um staðfestingu skv. 1. mgr. eða tilkynning skv. 2. mgr. borist Seðlabanka Íslands.

### 35. gr.

*Efnisatriði í beiðni um staðfestingu varðandi greiðslur á arði samkvæmt 34. gr.*

Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um staðfestingu eða tilkynningu samkvæmt 34. gr., eftir því sem við á:

- a. Dagsetning beiðni um staðfestingu/tilkynningar.
- b. Heiti og kennitala arðgreiðanda.
- c. Land/heimilisfesti arðgreiðanda.
- d. Auðkenni/heiti arðgreiðanda.
- e. ISIN-númer arðgreiðanda (ef rafrænt skráð).
- f. Útgáfumynt hlutafjár.
- g. Nafnverðsfjárhæð eignar.
- h. Dagsetning hlutafjárkaupa.
- i. Arðgreiðsludagsetning.
- j. Arðgreiðsluprósentu.
- k. Arðgreiðslufjárhæð.
- l. Arðgreiðslumynt.
- m. Fjármagnstekjuskattur.
- n. Nafn og kennitala endurskoðanda.
- o. Nafn og kennitala hluthafa.
- p. Heimilisfang hluthafa.
- q. Land/heimilisfesti hluthafa.
- r. IBAN-gjaldeyrisreikningsnúmer hluthafa.
- s. Heiti og kennitala vörsluaðili hlutabréfa.
- t. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs hjá fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna.
- u. Kvittun fyrir móttöku arðgreiðslu ef greiðandi arðs er félag skráð á hlutabréfamarkað eða staðfesting löggilts endurskoðanda arðgreiðanda á að skilyrði 6. mgr. 13. gr. j laganna sé uppfyllt ef greiðandi arðs er ekki kauphallarskráð hlutafélag auk ársreiknings síðasta rekstrarárs.

Beiðni um staðfestingu samkvæmt 1. mgr. 34. gr. eða tilkynning samkvæmt 2. mgr. 34. gr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 37. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

### 36. gr.

*Tilkynning framsalshafa skv. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992.*

Framsalshafi skv. 15. mgr. 13. gr. n laga nr. 87/1992, sem nýtir heimildir annarra skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laganna, skal tilkynna Seðlabanka Íslands um framseldar heimildir sem hann hefur mótttekið, fjárfestingar sem hann hefur ráðist í á grundvelli þeirra og afturkallaðar fjárfestingarheimildir. Framsalshafi skal uppfylla tilkynningarskyldu á grundvelli ákvæðisins fyrir lok fyrsta virka dags hvers almanaks mánaðar vegna framsals fjárfestingarheimilda, fjárfestinga og afturkallana fjárfestingarheimilda mánaðarins á undan með tölvupósti á netfangið [ge.gagnaskil@sedlabanki.is](mailto:ge.gagnaskil@sedlabanki.is), þar sem eftirfarandi upplýsingar eru sundurliðaðar og afhentar á MS-Excel formi:

- a. Fjárfestingar.

- i. Dagsetning fjárfestingar.
  - ii. Nafn og kennitala framsalshafa.
  - iii. Heimilisfang framsalshafa.
  - iv. Tegund fjárfestingar (hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjal eða annað).
  - v. Lýsing á fjárfestingu (útgefandi verðbréfa, nafn sjóðs, o.s.frv.).
  - vi. Auðkenni fjárfestingar.
  - vii. Kaupverð í erlendum gjaldeyri.
  - viii. Mynt.
  - ix. Fjárhæð gjaldeyrisviðskipta í innlendum gjaldeyri.
  - x. Nafn og kennitala vörsluaðila.
- b. Framsal heimilda.
- i. Dagsetning framsals.
  - ii. Nafn og kennitala fjárfestis.
  - iii. Heimilisfang fjárfestis.
  - iv. Nafn og kennitala framsalshafa.
  - v. Fjárhæð fjárfestingar (fjárhæð framseldrar fjárfestingarheimildar).
- c. Afturköllun ónýttar heimildar.
- i. Dagsetning afturköllunar.
  - ii. Nafn og kennitala fjárfestis.
  - iii. Heimilisfang fjárfestis.
  - iv. Nafn og kennitala framsalshafa.
  - v. Fjárhæð afturköllunar.
- d. Nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðs framsalshafa.

Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um fjármagnshreyfingu getur, að höfðu samráði við Seðlabankann, uppfyllt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. með sjálfvirkum hætti.

#### V. KAFLI

#### **Leiðbeiningar, viðurlög og gildistaka.**

37. gr.

#### *Leiðbeiningar.*

Seðlabankinn setur leiðbeiningar um nánari framkvæmd reglna þessara og birtir á heimasíðu sinni.

38. gr.

#### *Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum þessara reglna varða stjórnvaldssektum og refsingum samkvæmt 15. gr. a – 15. gr. d, 15. gr. h, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b laga nr. 87/1992, með síðari breytingum.

39. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b, 5. mgr. 13. gr. c, 9. mgr. 13. gr. j, 15. mgr. 13. gr. n, 4. mgr. 13. gr. o og 3. mgr. 13. gr. p og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 430/2016, um gjald-eyrismál.

Reykjavík, 17. október 2016.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Guðmundur Sigbergsson,**  
starfandi frkvstj. gjaldeyriseftirlits.